



VINNUSKÓLI REYKJANESBÆJAR

SKÝRSLA 2009



Ragna Þyrí Dögg Guðlaugsdóttir & Ingveldur Eyjólfsson
Yfirleiðbeinendur Vinnuskóla Reykjanesbæjar 2009

Inngangur

Vinnuskóli Reykjanesbæjar er vinnustaður fyrir unglinga á aldrinum 14 til 16 ára. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrstu kynni unglinga af launaðri vinnu og því mikilvægt að vel takist til, því lengi býr að fyrstu gerð.

Í þessari skýrslu er reynt að koma inn á sem flest sem tengist Vinnuskólanum en óhætt er að segja að Vinnuskólinn sé með stærri atvinnurekendum á Suðurnesjum yfir sumarmánuðina.

Undirbúningur

Auglýsingar voru hengdar upp í öllum grunnskólum, Fjörheimum og 88 Húsinu. Á þessu blaði voru upplýsingar um Vinnuskólann, hvernig nemendur ættu að skrá sig auk annarra mikilvægra atriða.

Einnig fórum við í alla grunnskóla Reykjanesbæjar, kynntum Vinnuskólann vel og veittum aðstoð til þeirra sem þurftu.

Annað árið í röð var einungis boðið upp á að sækja rafrænt um í Vinnuskólann. Gekk það mjög vel og ef vandræði komu upp þá var hægt að leita til starfsmanna



Vinnuskólans. Skráningin fór fram á vefsíðu Reykjanesbæjar og komust nemendur í tölvur í skólunum sínum, Bókasafni Reykjanesbæjar og í 88 Húsinu.

Í marsmánuði var auglýst eftir yfirleiðbeinendum og leiðbeinendum sem áður hafa verið nefnd flokkstjórar. Aldrei höfum við fengið eins margar umsóknir um leiðbeinandastörfín og voru um 120

umsóknir sem bárust.

Alls voru ráðnir inn 32 starfsmenn í Vinnuskóla Reykjanesbæjar þetta árið.

Yfirleiðbeinendur voru *Ragna Þyrí Dögg Guðlaugsdóttir* og *Ingveldur Eyjólfssdóttir*.

Alls voru ráðnir inn 27 leiðbeinendur fyrir sumarið.

Guðríður Hafsteinsdóttir var ráðin til að sjá um skrifstofu Vinnuskólans sem staðsett var í 88 Húsinu til að sjá um pantanir á slætti, ábendingar frá bæjarbúum og símsvörun, auk annarra verkefna sem bárust til okkar.

Björg Ásta Þórðardóttir & *Hildur Gunnarsdóttir* voru ráðnar til að halda utan um Skóla & Ævintýragarða.

Starfsmenn

Í árgöngunum þremur voru 618 nemendur á aldrinum 14 til 16 ára og af þeim skráðu 504 sig í Vinnuskólann sem er um 81,6% nemenda í grunnskólunum á þessum aldri. Mun fleiri nemendur voru í Vinnuskólanum þetta árið en það síðasta eða samtals 142 fleiri nemendur.

Skipting nemenda eftir árgöngum 2008 var þannig:

	Árgangur:	Skráðir:	Mættir skv. útborgun	Skráðir – Mættir =	% skráðir af árgangi:
14 ára	203	144	134	10	70.9%
15 ára	230	131	126	5	57.0%
16 ára	208	88	83	5	42.3%
Samtals:	641	363	343	20	56.6%

Skipting nemenda eftir árgöngum 2009 var þannig

	Árgangur:	Skráðir:	Mættir skv. útborgun	Skráðir – Mættir =	% skráðir af árgangi:
14 ára	198	160	156	4	80,8%
15 ára	184	163	162	1	88,6%
16 ára	236	181	175	6	76,7%
Samtals:	618	504	493	11	81,6%

Krosstafla með skiptingu eftir bekkjum og tímabilum.

	A tímabil	B tímabil	Alls
8.bekkur, árg. 1994	106	54	160
9.bekkur, árg. 1993	130	33	163
10.bekkur, árg. 1992	140	41	181
Alls:	376	128	618

Samstarfsverkefni Vinnuskólans og félaga í Reykjanesbæ

Alls voru 118 ungmenni í samstarfsverkefni Vinnuskóla og félaga á vegum Reykjanesbæjar. Þetta voru Listaskóli Barna, leikjanámskeið Keflavíkur og Njarðvíkur, Sundeildir Keflavíkur og Njarðvíkur, Dósasel, leikskólar, gæsluvellir, bæjarskrifstofa Reykjanesbæjar, reiðnámskeið Mána, körfuknattleikdeildir Keflavíkur og Njarðvíkur, KFUM & KFUK, Skátafélagið Heiðabúar með smíðavelli, golfklúbbur Suðrunesja, knattspyrnuvellir Keflavíkur og Njarðvíkur, sumarnámskeið Fjörheima auk annarra.

Ofangreindum er þakkað gott samstarf. Reglur hafa nýverið samdar um lán á starfskröftum frá Vinnuskóla og þær má lesa í lok skýrslunnar.

Götu og leikhússmiðja Vinnuskólans

Leiðbeinendur Lista- og götuleikhússins þetta árið voru Erla Ásmundsdóttir og Albert Halldórsson. Einnig voru tveir aðstoðarleiðbeinendur þeir Vilhjálmur Cross Birnisson og Jón Bjarni Ísaksson. Vilhjálmur vann í 2 vikur og Jón Bjarni í 4 vikur. Markmið smiðjunnar er að auka áhuga, virkni, þátttöku, frumkvæði og skapandi hugsun, ásamt því að auka ábyrgð unglínganna, tilfinningalegt innsæi og þroska með þeim hæfileikann til að vinna í náinni samvinnu með öðrum. Í smiðjunni fá nemendur þjálfun í að koma fram og grunnþjálfun í sviðsframkomu og leiktækni.

Kennslan fer fram með æfingum og leikjum. Farið var í spuna, leikhússport og æfðar stuttar senur eftir því sem að efni stóðu til.

Nemendur sáu sjálfir um



búningahönnun, andlitsmálun, grímugerð, leikmuni o.fl.

Á A-tímabili voru nemendur alls 20 talsins og unnu þau að svonefndu föstudagsfjóri. Þá undirbjuggu þau í vikunni skemmtiatriði og uppákomur sem þau fóru svo með niðri bæ á föstudögum.

Þá mátti sjá þau í miðbænum sem stytur, dansarar, grímuklæddar verur o.fl. Einnig vann þessi hópur á 17.júní sem skemmtikraftar á hátíðarsvæðinu.. Þetta var mjög skemmtilegt og fengum við margar jákvæðar hringingar frá ánægðum bæjarbúum.

Á B-tímabili voru 15 nemendur í Götu- og leikhússmiðjunni. Þau bjuggu til barnaleikrit sem þau sömdu og framkvæmdu alveg sjálf. Leikritið æfðu þau vel og ætla þau að sýna afraksturinn á Ljósanótt í Reykjanesbæ.

Listaskóli Barna

Listaskóli barna er rekin í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur og Myndlistarfélag Reykjanesbæjar. Ætlunin er að skapa börnum bæjarins tækifæri til að vera í listrænu, skapandi starfi í öruggu umhverfi.

Listaskóli Barnanna fékk til sín 6 nemendur úr Vinnuskóla Reykjanesbæjar til að aðstoða við námskeiðin.

Reiðskólinn Máni

Haldin voru reiðnámskeið á Mánagrund fyrir börn og unglinga 7 ára og eldri. Á námskeiðinu lærðu þátttakendur um umhirðu hestsins og flest það sem snýr að umgengni við hann. Einnig var kennt hvernig sitja eigi hest og farið var í reiðtúra.

2 nemendur úr Vinnuskólanum aðstoðuðu Önnu Laugu í Reiðskólanum.

Íþrótt og leikjaskóli Keflavíkur og Njarðvíkur

Íþrótt- og leikjaskólinn kynnir börnum ýmsar íþróttagreinar og þau kynnast náttúrunni, stuðla að aukinni útiveru, aukinni hreyfifærni og samskiptahæfni. Markmið skólans eru skýr og er foreldrum gert kleift að fylgjast með því sem börnin eru að aðhafast dag frá degi. Áhersla er lögð á heildarþroska barnanna, jafnt andlegan sem líkamlegan. Á A-tímabili voru 12 nemendur Vinnuskólans sem aðstoðuðu við leikjanámskeiðið í Keflavík og 11 sem aðstoðuðu á leikjanámskeiði Njarðvíkur.

Á B-tímabili voru 6 að aðstoða við leikjanámskeið Keflavíkur og 2 hjá leikjanámskeiði Njarðvíkur. Samstarfið á milli Vinnuskólans og leikjanámskeiðanna gekk mjög vel.

9A7

9A7 var hópur sem samanstóð af 17 nemendum þar af 7 nemendum sem þurftu auka aðstoð eða eftirlit. Leiðbeinendur/Stjórnendur í þessum hóp voru Anna María Ævarsdóttir & Skarphéðinn Njálsson. Anna María vann með svipaðan hóp hjá Vinnuskólanum í fyrra og eru þau bæði sterkir einstaklingar.

Þessi hópur var æðislegur og fengu þau mikla umbun fyrir vinnu sína t.d. kíktu þau á lögreglustöðina, slökkvistöðina, sund og fóru í göngutúra um bæinn.

Hópurinn stóð sig mjög vel og vann m.a. til viðurkenningar sem duglegasti hópur Vinnuskólans á A tímabili.

Foreldrar sýndu mjög jákvæð viðbrögð við hópnum og voru ánægð með sumarið.

Gekk vel annað árið í röð ☺

Skóla- & ævintýragarðar

Skólagarðarnir fengu nýtt nafn þetta árið og heita nú Skóla- & ævintýragarðar. Voru þeir starfræktir eins og undanfarin ár við Baugholt. Góð þátttaka var hjá börnum 6-12 ára. Skólagarðarnir hófust í byrjun júní og þeim lauk með uppskeruhátíð um miðjan ágúst.

Hildur Gunnarsdóttir & Björg Ásta

Þórðardóttir voru umsjónarmenn Skóla- & ævintýragarðanna ásamt því að vera með aðstoð Söndru Mjallar Ólafsdóttur leiðbeinanda og nemenda úr Vinnuskólanum.

Mikil breyting var á námskeiðinu í ár og gekk það mun betur en í fyrra.

Skýrsla skólagarðanna fylgir með hér neðar.



Smíðavöllur

Í sumar var gerður samningur við Skátafélagið Heiðabúa um að þeir tækju að sér rekstur og umsjón með smíðavelli fyrir Vinnuskólann eins og síðastliðin ár. Smíðavöllurinn var starfræktur á malarvellinum við Hringbraut og gekk starfsemin þar mjög vel. Skýrsla Smíðavallanna fylgir með hér neðar.



Verkefni Vinnuskólans

Verkefni Vinnuskólans í ár voru aðalega sláttur, rakstur og götuhreinsun.

Leiðbeinandi er ávallt hjá sínum hóp og er hlutverk hans m.a. að kenna unglíngunum rétt handtök við þau verk sem unnin eru hverju sinni. Mikilvægt er að leiðbeinandinn sé jákvæður í garð starfsins og tali vel um það. Ef hann er aftur á móti neikvæður og lætur það í ljós er nær öruggt að unglíngarnir eru sama sinnis. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa hópunum í ýmis verkefni og reynt er að hafa hópana ekki mjög langt frá heimilum sínum sem hefur hefur þótt mikill kostur.

Helstu verkefni Vinnuskólans eru:

- **Götuhreinsun**
- **Ruslatínsla**
- **Sláttur**
- **Rakstur**

Þjónusta við öryrkja og ellilífeyrisþega

Í sumar var öryrkjum og ellilífeyrisþegum boðið að fá garða sína slegna endurgjaldslaust eins og tíðkast hefur um áraraðir. Þessi þjónusta var auglýst í byrjun sumars og þurftu viðkomandi aðilar að óska eftir henni. Í auglýsingunni kom fram að Vinnuskólinn ætlaði til þess að eldri borgarar og öryrkjar myndu slá garðinn hjá sér einu sinni áður en við hæfum störf. Slátturinn þetta sumarið byrjaði mjög vel.

Það sem við gerðum frábrugðið frá síðustu árum var að hafa tvö sláttulið sem fóru um á tveim bílum.

Í hverjum hóp voru 6 strákar auk eins sláttustjóra.



Hóparnir voru mjög duglegir á A tímabili og fengu þeir verðlaun fyrir það í enda sumars.

Garðar þetta sumarið voru **218** talsins sem er aðeins færri en í fyrra.

Leiðbeinendur voru Einar Trausti Einarsson og Ásgeir Hólm Sævarsson. Þeir stóðu sig vel.

Keyptar voru 2 sláttuvélar fyrir sumarið. Alltaf koma einhverjar bilanir upp en var unnið fljótt úr því og hafði það ekki mikil áhrif á slátt sumarsins.

Samstarfið milli Árna Heiðars á verkstæðinu og sláttustjóranna gekk mjög vel.

Vinnutími

Þetta árið var svipað því fyrra þar sem að nemendur 14-16 ára fengu að vinna í 4 vikur og var starfstímabilið júní og júlí.

Sótt var um rafrænt í Vinnuskólann þetta árið eins og fram kom hér að ofan. Nemendur fengu umsóknarfrest til 22. maí til þess að sækja um í það tímabil sem þeir óskuðu. Þeir nemendur sem sóttu um eftir umsóknarfrestinn fóru sjálfkrafa yfir á B-tímabil þar sem að það tímabil er mun minna sótt.

Fyrra tímabilið, A-tímabilið stóð yfir frá 10.júní - 8.júlí og B-tímabilið frá 3. júlí – 30. júlí.

Í ár komu upp vandræði þar sem aldrei hafa fleiri sótt um Vinnuskólann.

Fjölgun varð um 255 nemendur. Flestir sóttu um fyrir 22.maí og gátu því valið sér tímabil. Þar sem við gátum ekki breytt þessu eftir á þá enduðum við með 375 unglunga á A tímabili.

Þetta gerði það að verkum að við þurftum að ráða inn fleiri leiðbeinendur, verkefni kláruðust fljótt og því miður þá voru allt of margir unglingar í hverjum hóp.

Á B tímabili vorum við svo með 129 unglunga starfandi. Þar sem svona mikill munur var á tímabilunum þá stóðum við uppi með allt of marga leiðbeinendur á B tímabili.

Á næsta ári þarf að lagfæra þetta svo það sé fjöldatakmörkun á A tímabili, þar sem það er vinsælla t.d. væri 250 manns góð tala.

Þá yrði að lagfæra tölvuforritið svo að einungis c.a. 250 gætu sótt um A og eftir það mundi sá möguleiki „detta út“. Nokkur fleiri vandamál komu upp með heimasíðuna sem þarf að koma skýrar fram eða breyta. Fyrir næsta ár þarf að fá Starkað Barkarson til að lagfæra heimasíðuna. www.reykjanesbaer.is/vinnuskoli

Hafa þarf samband við Rögnu og Ingu þegar lagfæra á þetta.

Laun nema

Laun nemenda Vinnuskólans hafa hækkað síðastliðin ár og erum við þar með orðin samkeppnishæf við sambærileg sveitarfélög. Launin voru eftirfarandi með orlofi:

Árgangur:	2007	2008	2009
8.bekkur	328	372	387
9.bekkur	379	430	447
10.bekkur	455	517	538

Námskeið leiðbeinanda

Samið var við Vinnuvernd ehf. og fengum við 2 námskeið frá þeim.

Fyrir næstu ár þá teljum við hagkvæmara að fá námskeið frá fræðingum o.fl sem vinna hjá Reykjanesbæ. Er líklega mun ódýrara þar sem Vinnuvernd er frekar dýr. Og einnig værum við þá að styrkja Reykjanesbæ sem er alltaf jákvætt.

Námskeiðin sem leiðbeinendur Vinnuskólans 2009 fengu voru eftirfarandi:

Samskipti – Einelti: Hvernig koma má í veg fyrir einelti á vinnustað, hvernig samskipti á vinnustað hafa áhrif á vellíðan starfsfólks og gagnlegar upplýsingar um einelti. Þetta námskeið var 50 mín.

Skyndihjálp: klukkustundar námskeið um almenna skyndihjálp. Nauðsynlegt er fyrir alla sem vinna með börnum að kunna fyrstu hjálpu ef eitthvað skildi útaf bregða.

Powerpoint show: Ragna og Inga yfirleiðbeinendur Vinnuskólans voru með fyrirlestur um starfsemi Vinnuskólans, hegðun innan hans, leiðbeinandastarfið og það sem felst í því, auk forvarnarfræðslu.

Hópefli: Erla Ásmundsdóttir sem sá um Götu –leikhússmiðju Vinnuskólans kom og var með hópefli.

Námskeið fyrir nemendur Vinnuskólans

Forvarnarfélagið Lundur.

Á báðum tímabilum Vinnuskólans voru haldnir forvarnardagar. Í ár ákváðum við að tala við Erling hjá Lundi. Hann tók vel á móti okkur.

Vinnuskólanum var skipt upp í 6 hópa og haldið var að Fitjabraut 6c.

Erlingur ræddi um Lund og starfsemi hans og svo komu vel valdir gestir og ræddu um sínar reynslusögur.

Þetta var mjög fróðlegt og voru nemendurnir áhugasamir og spurðu mikið.



Tækjakostur

Vinnuskólinn hafði til afnota eftirtaldar bifreiðar:

Peugot bílnr. SI 590 (Sláttur)	árg.	1999
WW bílnr. RL 634 (Blái)	árg.	1996
WW caddy bílnr. (hvíti litli, sláttur)	árg.	1999
Ford bílnr. PY 772 (hvíti útideild)	árg.	2004

Vinnuskólinn hafði aðstöðu í **88 Húsinu**. Skrifstofan var á 1. hæð hússins líkt og í fyrra. Sláttuvélar og allt tengt þeim var geymt í gámi fyrir utan 88 Húsið.

Í ár voru gerðar miklar breytingar á vinnustöðvum. Í fyrra voru allir nemendur vinnuskólans með stöð í 88 Húsinu. Þetta gekk ekki nógu vel svo í ár ákváðum við að láta smíða 4 verkfærakistur. Ísgoggar sáu um verkið.

Heppnin var með okkur og voru nánast engin skemmdarverk unnin á þeim. Þó hefur sú hugmynd læðst að okkur að klæða þær með áli. Væri hægt að skoða það fyrir næsta ár.

Vinnustöðvar Vinnuskólans þetta árið voru við Heiðarskóla, Hringbraut/skúr, Skólagarðar, 88 Húsið, Valgeirsbakarí, Akurskóla og Ásbrú.

Þetta var ein besta hugmynd sem við höfum komið í framkvæmd og lagðist þetta vel bæði í foreldra og alla í Vinnuskólanum.

Lokavika/Skemmtivika

Síðustu vikuna á báðum tímabilum var haldið á fræðslunámskeið hjá Lund.

Fótboltamót og brennómót var haldið bakvið Myllubakkaskóla þar sem vinningshafar fengu Prins póló og kók.

Seinasta daginn var svo farið í Óvissubíó. Á

A tímabili var myndin Bruno sýnd. Þessi mynd hefði aldrei verið valin ef einhver hefði vitað hvernig innihaldið var.

Myndin var ekki bönnuð og fengum við forsýningu og því gátum við ekki vitað að hún var ekki við hæfi.

Á B tímabili var farið á The Proposal og var hún æðisleg.



Í bíoínu voru svo duglegustu hópunum og einstaklingum veitt verðlaun fyrir góða hegðun og dugnað í vinnu. Fengu þau Pizzuveislu að launum.

Bíóferðin er árlegur viðburður og þar er nemendum Vinnuskólans þakkað fyrir liðið sumar og störf sín.

Vinnuskólinn á krepputímum

Í ár hefur samfélagið ekki boðið upp á mikla eyðslu. Við höfum því eftir fremsta megni reynt að fara sparlega með allan kostnað þó alltaf þurfi að kaupa brýnustu nauðsynjar líkt og sláttuvélar, verkfæri o.fl.

Við reyndum eftir bestu getu að versla allt í Reykjanesbæ sem hægt var. T.d. voru lokadagar Vinnuskólans einungis í Reykjanesbæ, árleg óvissuferð leiðbeinanda var öll haldin innan bæjarmarkanna o.fl.

Lokaorð

Við erum í heild mjög ánægðar með sumarið. Hafa orðið margar góðar breytingar síðan í fyrra þó alltaf megi finna eitthvað sem hægt er að bæta.

Að lokum viljum við þakka nemendum, leiðbeinendum og öllum öðrum sem komu að rekstri Vinnuskólans 2009 fyrir vel unnin störf.

**Ragna Pyrí Dögg Guðlaugsdóttir
&
Ingveldur Eyjólfssdóttir**

Skýrsla skólagarðanna!

Undirbúningur

Mánudaginn 26.maí mætti Sæunn til vinnu og var þá búið að plægja skólagarðana. Tók þá við að grafa alla skurði sem tók u.þ.b eina og hálfu viku með hjálp nokkra leiðbeinanda. Grænmetisgarðarnir voru hafðir 3x3 en kartöflugarðarnir 2x2, í stærra lagi en þó passlegir. Plönturnar voru komnar tímanlega og litu þokkalega út.

Fyrstu dagarnir

Skráningin var mjög góð og voru um 50 börn skráð og þurfti að grafa fyrir fleiri gördum. Börnin mættu svo 9.júní. Fyrstu vikuna byrjuðu krakkarnir að hreinsa aðeins til í gördunum sínum og sá blákornum. Svo var komið að því að setja niður grænmetið og kartöflurnar og dúkunum skellt yfir þegar búið var að setja niður. Eitthvað var af aukagrænmeti og var það sett í aukagarðana. Allt gekk vel fyrir sig og allir náðu að koma öllu niður í fyrstu vikunni.

Plönturnar & uppskeran

Þegar plönturnar komu litu þær allar vel út nema blaðsalatið og icebergið því kálflugan hefur komist í það. Annars litu allar plönturnar vel út þegar líða fór á sumarið. Fylgjast verður með spergilkálinu því skera þarf hausana af þegar þeir eru orðnir passlega stórir til að þeir fari ekki að blómstra. Blómkálið hefur ekki vaxið mjög mikið. Uppskeran gekk vel hjá langflestum og voru þau að fara heim með slatta af grænmeti. Misjöfn skilyrði eru greinilega í sumum gördunum, í sumum spratt upp grasið og gerði börnunum erfitt fyrir að sjá um garðana. Moldin er ekki góð í gördunum og þarf helst að skipta um fyrir næsta sumar. Setja mætti upp grindverk í kringum garðana en það var allt rífið niður því það var mjög illa farið, en grindverkið veitir mikið skjól fyrir uppskeruna.

Ástundun, ferðalög & uppskeruhátíð

Mætingin byrjaði vel og var nóg að gera. En eitthvað fór að tynast úr hópnum þegar líða fór á sumarið. Einhverjir eru þó mikið í ferðalögum en mætingin var alls ekki í samræmi við skráninguna. Sum börnin eru hreinlega ekki tilbúin að takast á við þá ábyrgð sem því fylgir að sjá um garðana. Stanslaus arfavöxtur var í allt sumar þar sem skilyrðin fyrir hann til að vaxa voru mjög góð og gafst hreinlega ekki mikill tími fyrir annað. En ef börnin hefðu öll mætt og sinnt garðinum að meðaltali þrisvar í viku hefði verið hægt að halda arfavextinum niðri og tími hefði gefist í annað. Næsta sumar verður hugsanlega að brýna þetta fyrir börnunum. En auk þess að sinna gördunum fórum við í sundferð í rigningu og roki og í fjölskyldu- og húsdýragarðinn að skoða dýrin og fórum í tækin. Uppskeruhátíðin var haldin hátíðleg 13.ágúst og var börnunum og aðstandendum boðið upp á pylsur og svala.

Veðurfarið

Veðrið var mjög gott í sumar og voru skilyrðin fyrir grænmetið góð og leit grænmetið vel út. Veðrið var nær fullkomið, mikil sól og nokkuð um rigningu þó aðeins hafi

verði um þurrk í byrjun sumarsins. Aðeins 1 eða 2 dagar voru það slæmir að ekkert var hægt að vinna úti þá daga.

Skemmdir

Engar skemmdir voru af völdum utanaðkomandi aðila, sem er frábært. Kálflugan lætur sig nú yfirleitt ekki vanta og fór hún verst í icebergið og blaðsalatið og fengu fáir það gott út úr garðinum sínum þetta árið. Útsæðið var fínt.

Tillögur um næsta sumar

Ekki þarf að panta jafnmikið af kartöflum og gert var því þrátt fyrir met aðsókn var mjög mikið afgang. Nýja mold þarf að fá, hún er orðin ansi slöpp. Fylgjast verður með spergilkálinu og passa að láta það ekki byrja að blómstra.

Annað

Næsta sumar verður að láta krakkana gera sér grein fyrir að það er smá vinna að sjá um garðinn. Vinnan þarf samt ekki að vera það mikil ef að kíkt er á garðinn á hverjum degi í u.þ.b. hálf tíma og eftir það ætti þá að gefast tími í leiki og þess háttar.

Þetta árið mættu margir svo illa að senda þurfti þá strax í garðana er þau komu til að halda arfavextinum í skefjum. Sumum í yngri kantinum líkaði þetta ekkert svo vel og gáfust hreinlega upp ef ekki var setið alveg yfir þeim og hjálpað allan tímann. Mjög gott er að hafa allt sumarið aðstoð frá krökkum úr Vinnuskólanum þegar svo margir krakkar eru skráðir í skólagarðana.

Vinnureglur fyrir Vinnuskóla Reykjanesbæjar varðandi val á ungmennum í sérverkefni.



Val á ungmennum til félaga, stofnanna og fyrirtækja er alfarið í þeirra höndum en stjórnendur Vinnuskólans hvetja jafnframt að gætt verði hlutleysis við valið svo sem minnst óánægja gæti hjá þeim sem ekki eru valdir.

Nemendur sem eru valin í sérverkefni fá ekki lengri vinnutíma né meiri laun. Þeir aðilar sem fá ungmenni frá Vinnuskólanum verða að sjá til þess að ungmennin fái eðlileg kaffi- og matarhlé og vinni hvorki of mikinn né of lítinn vinnutíma.

Ef ungmenni eru beðin um að vinna lengur en heildarlaun Vinnuskólans leyfa þurfa félögin sjálf að borga nemendunum þann launakostnað eða veita þeim frí í staðinn fyrir unna vinnu.

Tilkynna ber inn öll veikindi og leyfi til Vinnuskólans (þ.e.a.s. ef að ungmennin vinna það ekki upp sé þess kostur). Ungmennin eiga ekki rétt á veikindadögum á launum. Nemendur sem voru að ljúka 10. bekk þurfa að skila skattkorti.

Frí á launum er ekki veitt nema að viðkomandi sé að keppa með landsliði, sé í landsliðsúrtaði og eða sé fulltrúi fyrir hönd Reykjanesbæjar. (s.s. vegna vinabæjarmóta)

Öllu jöfnu eru eingöngu 9. – 10. bekkingar sem valdir eru í sérverkefni, en ef að óskað er eftir ungmenni úr 8. bekk í sérverkefni er stjórnendum Vinnuskólans heimilt að verða við slíkri bön.

Félög, stofnanir og fyrirtæki sem vilja fá lánaða starfskrafta frá Vinnuskólanum verða að hafa samband við Vinnuskólann í síma 421-1613 fyrir 1. júní. Mjög mikilvægt er að hafa samband á réttum tíma ef starfskraftar eiga að fást.

Hafþór Birgisson tólmstundafulltrúi s. 898-1394
Ragna Þyrí D. Guðlaugsdóttir Yfirflokkstjóri s. 695-5723
Ingveldur Eyjólfsson Yfirflokkstjóri s. 849-7760

Samþykkt af Stefáni Bjarkasyni
framkvæmdarstjóra ÍT sviðs 5.
júlí 2009